

Frá: Haraldur Sigurðsson

Sent: fimmtudagur, 15. október 2020 14:42

Til:

Afrit:

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur. Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040

Góðan daginn

Hér með tilkynnist að hafið er kynningarferli á drögum að umfangsmiklum breytingum á aðalskipulagi, sbr. auglýsing hér að neðan. Óskað er eftir því að umsagnir og athugasemdir, ef einhverjar eru, berist fyrir 20. nóvember nk. Sjá gögn á adalskipulag.is.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040

Drög að umfangsmiklum breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur voru lögð fram í skipulags- og samgönguráði þann 7. október og í borgarráði Reykjavíkur þann 15. október sl. Tillögurnar fela m.a. í sér heildaruppfærslu á stefnu um íbúðarbyggð, skilgreiningu nýrra svæða fyrir íbúðir, stakar breytingar á völdum atvinnusvæðum og samgönguinnviðum, auk þess sem sett eru fram ný megin markmið í völdum málaflokkum. Tillögurnar gera enn fremur ráð fyrir því að tímabil aðalskipulagsins verði framlengt til ársins 2040.

Skipulagstillögurnar, ásamt umhverfisskýrslu og öðrum fylgigögnum, hafa verið gerðar aðgengilegar á adalskipulag.is og sendar til skilgreindra hagaðila. Áformað er að kynna tillögurnar á opnum fundi sem verður auglýstur sérstaklega. Óskað er eftir því að umsögnum og athugasemdum verði komið á framfæri fyrir 20. nóvember nk. Þeir sem óska frekari upplýsinga um málið geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Ábendingum og athugasemdum við drögin má koma á framfæri á netfangið skipulag@reykjavik.is eða skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14.

Bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)

Deildarstjóri aðalskipulags

Umhverfis- og skipulagssviði

Reykjavíkurborgar

Sent til:

Íbúaráð í öllum borgarhlutum

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Velferðarráð/svið

Skóla- og frístundaráð/svið

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Öldungaráð

Ungmennaráð

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Faxaflóahafnir

Sorpa

Orkuveita Reykjavíkur

Orka náttúrunnar

Veitur

Borgarsögusafn

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH),
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins,
Kópavogsbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, önnur
nágrennasveitarfélög
Skipulagsstofnun
Umhverfisstofnun
Minjastofnun Íslands,
Vegagerðin
Samgöngustofa
Isavia
Náttúrufræðistofnun Íslands
Hafrannsóknarstofnun
Orkustofnun
Veðurstofan
Húnsæðis- og mannvirkjastofnunSamtök atvinnulífsins,
Samtök iðnaðarins
Samtök ferðaþjónustunnar
Samtök verslunar og þjónustu
Grænni byggð
Landvernd
Íbúasamtök

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



b.t. umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur

Reykjavík, 1. desember, 2020.
Mál nr. US200419

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040.

Umsögn skrifstofu umhverfisgæða fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur sinnir hlutverki náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins. Samkvæmt 14. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er hlutverk náttúruverndarnefndar að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál og m.a. fjalla um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna og gera tillögur um úrbætur ef þarf. Eitt sértækt hlutverk náttúruverndarnefndar er skilgreint í 68. grein laganna sem fjallar um gerð skipulagsáætlana. Þar segir að náttúruverndarnefnd eigi að veita umsögn um gerð aðalskipulagsáætlana og/eða verulegar breytingar á þeim.

Reykjavíkurborg hefur nú lagt fram til kynningar drög að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Um meiriháttar breytingar er að ræða, sem er í raun sérstakur viðauki með heildaruppfærslu á stefnu um íbúðarbyggð, skilgreiningu nýrra svæða fyrir íbúðir, breytingar á völdum atvinnusvæðum og samgönguinnviðum, auk þess sem sett eru fram ný megin markmið í völdu málaflokkum. Þá er gert ráð fyrir að með breytingunum verð tímabil núgildandi aðalskipulags framlengt til ársins 2040.

Við svo umfangsmikla breytingu ber náttúruverndarnefnd að veita umsögn, sem sérstaklega horfir til áhrifa breytingarinnar á náttúru og náttúruvernd. Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs þann 25. nóvember síðastliðinn var breytingin kynnt og í kjölfarið óskað eftir umsögn skrifstofu umhverfisgæða á umhverfis- og skipulagssviði.

Í ljósi þess að umhverfis- og heilbrigðisráð í hlutverk sínu sem náttúruverndarnefnd kallar eftir umsögn skrifstofu umhverfisgæða þá er í umsögninni fyrst og fremst horft til þeirra atriða í tillögunni að aðalskipulagsbreytingunni sem hefur greinileg áhrif á stöðu náttúru og náttúruverndar í borginni. Þar er gott að miða við grunnmarkmið í lögum um náttúruvernd þar sem segir í 1. grein að horfa skuli til að „vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega of jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags... [og] tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.“ Einnig segir í markmiðum að stefna skuli að „vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða.... að stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land, loft eða lögur, [að] auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminjum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna [og að] tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna.“

Stuðst var við þessi meginmarkmið laga um náttúruverndarnefnd við gerð umsagnarinnar. Einnig við gildandi stefnur Reykjavíkurborgar í náttúruvernd t.d. umhverfis- og auðlindastefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og stefnu um líffræðilega fjölbreytni sem var samþykkt árið 2016.



Umsögn skrifstofu umhverfisgæða

1. Um viðfangsefni breytingartillögunnar

Megininntak breytingarinnar er eins og áður sagði heildaruppfærsla á stefnu um íbúðarbyggð sem er sérstaklega drifin áfram af tveimur meginþáttum, nýjum borgarhluta í Ártúnshöfða og byggingu Borgarlínu. Þessu samhliða eru endurskoðuð leiðarljós og markmið við þá uppbyggingu sem er lögð til í breytingunni. Nokkrar breytingar eru einnig lagðar til er varða atvinnusvæði og samgönguinnviði.

Engar breytingar eru gerðar á gildandi stefnu er varðar náttúruvernd og verndarsvæði og ekki heldur græn útivistarsvæði og almenningsgarða. Kaflinn „Græna borgin“ í gildandi aðalskipulagi sem fjallar m.a. um þessi atriði og fleiri er tengjast umhverfismálum þ.m.t. umhverfis- og auðlindastefnuna, er ekki til endurskoðunar í þessari breytingu. Í ljósi þess að verið er að framlengja gildistíma aðalskipulagsins um 10 ár með þessari breytingu eða til 2040 telur umhverfis- og heilbrigðisráð að skynsamlegt væri að undirbúa endurskoðun á „Grænu borginni“ og þ.m.t. stefnu og markmiðum í náttúruvernd og öðrum umhverfismálum sem birtast í kaflanum, sem hægt væri að leggja fram sem annan viðauka við gildandi deiliskipulag. Hlutverk náttúru og grænna svæða í borgarumhverfinu fyrir lýðheilsu og hamingju íbúa og gildi og verðmæti borgarumhverfisins, verður æ mikilvægara, ekki síst á tímum heimsfarsotta og gríðarlegra umhverfisbreytinga. Því er nauðsynlegt að stefnumótun í þeim málaflokki sé í stöðugri endurskoðun og að það skili sér í ákvarðanir um landnotkun og þróun borgarinnar í aðalskipulagi hennar. Eru skipulagsyfirvöld borgarinnar hvött til að skoða að hefja slíka endurskoðun við fyrsta tækifæri.

Að því sögðu er því fagnað að í þessari breytingartillögu er ítrekað rætt um að ákvarðanir um skipulag sem birtast í aðalskipulagi séu rýndar með tilliti til lykulumhverfismála samtímans – loftslagsbreytinga og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Það birtist í grunnleiðarljósum og markmiðum en einnig í útfærslum og ákvarðanatöku varðandi einstakar breytingar. Umhverfis- og heilbrigðisráð bendir á að tryggja þarf að þessi leiðarljós endurspeglar einnig í framkvæmd skipulags á deili- og hverfisskipulagsstigi og þar með í einstökum skipulagsverkefnum. Huga þarf vandlega að verklagi til að tryggja það og samræma við mótun aðferða og viðmiða er tengjast gæði byggðar og almenningsrýma.

Umhverfisskýrsla sem fylgir breytingartillögunni er vandlega unnin og eru ekki gerðar athugasemdir við innihald hennar umfram það sem kemur fram hér í umsögninni og varðar efnisatriði sem mögulega má taka tillit til í viðeigandi köflum umhverfisskýrslunnar.

2. Um stefnu í uppbyggingu nýrra íbúðar- og atvinnusvæða

Í breytingartillögunni er stillt upp ólíkum valkostum fyrir þróun íbúðarbyggðar. Í öllum tilfellum er byggðaþróunin áfram takmörkuð við núverandi vaxtarmörk, sem eru reyndar uppfærð frá núgildandi aðalskipulag þannig að þau samræmast vaxtarmörkum í svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins. Þá er í tillögunum öllum almennt gert ráð fyrir að ganga sem minnst á skilgreind útivistarsvæði innan vaxtarmarka og að meginhluti uppbyggingar verði á þegar röskuðum eða byggðum svæðum. Þessu má fagna því þannig er betur tryggt að náttúra á náttúruverndarsvæðum og öðrum mikilvægum svæðum viðhaldist til framtíðar. Áframhaldandi áhersla á þéttingu byggðar dregur einnig úr umhverfisáhrifum vegna aukinnar landnotkunar í jaðri byggðar með tilheyrandi raski á náttúru sem og minni umsvifum af stórfelldum samgönguinnviðum sem einnig valda raski og mengun.



Þétting byggðar felur þó í sér áskoranir fyrir náttúru og umhverfi sem afar mikilvægt er að huga að við ákvarðanatöku og útfærslur á einstökum byggingaráformum. Með þéttingu eykst hlutfall mannvirkja í umhverfi okkar á kostnað annars rýmis þ.m.t. gróðurs og annarrar náttúru. Fjölmargar rannsóknir sýna fram á að lýðheilsa og lífsgæði aukast í þéttbýli þegar fólk umgengst reglulega og auðveldlega náttúru í sínu nærumhverfi. Tryggja þarf með skýru verklagi og reglum í skipulagi að grænum rýmum sé viðhaldið eða bætt við inn í byggt umhverfi á uppbyggingarsvæðum. Það er einnig jákvætt fyrir líffræðilega fjölbreytni, kolefnisbindingu, aðlögun að loftslagsbreytingum og ýmsa aðra vistkerfabjónustu.

Ein leið til að tryggja þetta er að skilgreina betur mælikvarða sem t.d. mæla hlutfall grænna svæða eða grænnar þekju innan hverfa eða á einstökum uppbyggingarreitum. Skrifstofa umhverfisgæða leggur til að þetta sé fest betur í sessi sem lykilmælikvarðar aðalskipulags. Þannig er hægt að tryggja að ekki sé gengið of langt í að byggja á grænum svæðum í borgarhlutum þar sem slík svæði eru fá eða lítil og bregðast má við ef mælikvarðar haldast ekki jákvæðir með útfærslum í hönnun eða sérverkefnum þar sem t.d. ný græn svæði eru búin til. Mikilvægt er að mælikvarðarnir taki ekki bara tillit til stærðar græns svæða heldur einnig gæði og eðli þeirra. Þar má t.d. skoða hlutverk þeirra í náttúruvernd t.d. fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni og landslags, sem og hlutverk fyrir lýðheilsu, líkamlega sem andlega. Mörg tækifæri eru til að rýna þessi atriði betur að mati umhverfis- og heilbrigðisráðs.

Valkostur A er almennt talinn jákvæðastur og kemur best út í samanburði í mati á umhverfisáhrifum tillögunnar. Hann hefur minni landþörf og meiri þéttleika á byggingarreit með tilliti til íbúðafjölda, íbúðir einnig minni að meðalstærð. Svæðum næst Borgarlínu er forgangsraðað. Því er fagnað að minna af óröskuðu landi verður bætt við sem uppbyggingarland. Mesta áskorunin hér verður að tryggja þau umhverfisgæði á byggðinni sem rædd hafa verið sem grundvallarmarkmið aðalskipulagsins. Vanda þarf mjög útfærslu á deiliskipulagsstigi.

3. Um helstu viðfangsefni til framtíðar

Í kafla um sýn til lengri tíma er umfjöllun um ýmis grundvallaratriði sem skipta sköpum fyrir vel heppnað sjálfbært skipulag. Í þessari umsögn er einungis staldrað við atriði sem tengjast málefnasviði náttúruverndarnefndar en margt annað áhugavert og mikilvægt er fjallað um í þessum kafla og hann ekki síður mikilvægur hluti breytingarinnar en hinar eiginlegu landnotkunarbreytingar. Meðal þess sem má nefna sérstaklega er t.d. að það er mjög jákvæð viðbót að í áherslum um loftslagsmál sé fjallað um að meta sérstaklega kolefnisspor uppbyggingar bæði húsnæðis og allra innviða. Áhugavert væri að reyna að leggja mat á vistspor almennt og horfa til þess að innleiða hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins og sjálfbærari nýtingu þeirra auðlinda sem uppbygging kallar á. Útfæra ætti kerfi sem umbunar þeim sem byggja vistvænt. Meiri áhersla á viðhald og að lengja líftíma húsa er mikilvægur þáttur og gott að um hann sé fjallað.

Kaflinn um gæði íbúðarbyggðar er sérstaklega mikilvægur. Til að ná fram umhverfisgæðum í þéttri og blandaðri borgarbyggð verður að setja ákveðin markmið og viðmið. Finna þarf jafnvægi milli þéttingar og nauðsynlegs rýmis milli húsa og hlutverk grænna innviða í því samhengi. Mikið vatn hefur runnið til sjávar í þessum efnum undanfarin ár sem endurspeglast í mörgum nýjungum eins og aukinni áherslu á blágrænar ofanvatnslausnir, betri loftgæði og hljóðvist, hönnun fyrir vistvæna samgöngumáta, betri úrgangsmál og margt fleira. Alltaf má þó gera betur og huga að fleiri atriðum og þarf sérstaklega að vanda sig þegar stefnt er að meiri þéttingu en minni á einstökum



byggingarreitum. Samspil byggðar og náttúru sem fyrir er, er m.a. atriði sem mætti skoða betur og leggja mat á náttúruverðmæti sem geta tapast t.d. á framkvæmdatíma og sem leggja mætti meiri áherslu á að vernda og fella inn í skipulag og hönnun byggðar.

Í kafla um aðgengi er fjallað um að vægi almenningsrýma í borginni hafi minnkað á 20. öld. Það er sjálfsagt rétt víða en það bendir allt til þess að þetta sé gjörbreytt í dag. Útivistar- og náttúrusvæði borgarinnar eru gríðarlega mikið notuð og mikið óskað eftir alls konar þjónustu og innviðauppbýggingu á þeim fyrir ólíkar gerðir útivistir. Rétt er að ítreka að þörf er á heildstæðri skoðun á grænum svæðum í borginni á aðalskipulagsstigi með tilliti til þessa sem og hlutverks þeirra fyrir náttúruvernd og samspil þessara tveggja meginþátta. Aftur er hvatt til þess að setja af stað slíka endurskoðun. Þörf fyrir þessi grænu svæði er mikil, þau eru ólík að stærð og gerð og sum minni svæði geta uppfyllt ýmsar þarfir en ekki allar. Ein stærsta áskorun við þéttingu byggðar er að tryggja að græn svæði af miklum gæðum og ólíkum toga séu til staðar í öllum borgarhlutum. Á sum þeirra hefur óneitanlega verið gengið vegna þéttingar byggðar og þetta þarf að meta heildstætt og með ítarlegri greiningu á svæðunum en hefur verið gert hingað til.

Tekið er undir mikilvægi þess að skilgreina og innleiða vinnulag sem skoðar áhrifaþætti á lýðheilsu og samhengi við skipulag, umhverfisgæði og náttúruvernd. Heilbrigð og kröftug náttúruleg vistkerfi eru undirstaða heilbrigði fólks ekki síður en annarra lífvera, líka í borgarumhverfinu. Fagnað er umfjöllun í kaflanum „Græna borgin“ í breytingartillögunni, þar sem segir að „náttúran „náttúran fái að vaxa og dafna innan og í nágrenni borgarinnar“ og að horfa þurfi bæði til þess að „standa vörð um ósnortin búsvæði, gróður og náttúrulegt landslag“ og „skapa ný skilyrði fyrir náttúruna að festa sér rætur innan þéttrar borgarbyggðar“. Einnig sagt að það eigi að vera „grundvallarmarkmið í aðalskipulagi að ekki verði gengið á græn svæði með útivistargildi og náttúru með verndargildi, hvort sem þau svæði eru innan byggðar eða í útjaðri hennar“ og að „þau gróðursvæði sem mögulega tapast þarf að bæta upp með grænu yfirbragði innan hinnar nýju byggðar, rúmgóðum og fjölbreyttum garðsvæðum, blágrænum ofanvatnslausnum, grænum húspökum, grænum bílastæðum, góðri í göturýmnum“. Til að þetta allt saman takist er grundvallaratriði að til staðar sé vel ígrundað og reglulega uppfært verklag sem farið er eftir í góðu samráði milli fageininga skipulags- og umhverfismála.

Í kafla um íbúðarhverfið og gæði byggðar kemur fram að „visthæfar og sjálfbærar hönnunarlausnir verði ávallt að leiðarljósi við mótun nýrrar íbúðarbyggðar“ og að „tryggt verði að byggðin og umhverfi hennar hafi grænt yfirbragð“ að „lágmarkslutfall lóðar sé gróður- og dvalarsvæði“ og að „ekki verði gengið á gróskumikil gróðursvæði“. Þessari grundvallarstefnu skipulagstillögunnar er fagnað og áréttat þarf í hverju uppbyggingarverkefni að farið sé eftir þessu leiðarljósi í hvívetna.

4. Um einstakar landnotkunarbreytingar

Skrifstofa umhverfisgæða fagnar því að flestar breytingarnar sem eru lagðar til leiða ekki til nema óverulegra breytinga á landnotkunaruppdrætti aðalskipulagsins, boða ekki landnám nýrra svæði í útjaðri eða breytingar á vaxtarmörkum þéttbýlis.

Langflestar tillögur að nýjum byggingarsvæðum fyrir íbúðarbyggð eða atvinnubbyggð eru á þegar röskuðu eða byggðu umhverfi og áhrif á náttúru sem fyrir er því lítil. Á því eru nokkrar undantekningar og einnig eru svæði sem fela í sér einstök tækifæri fyrir uppbyggingu á nýjum grænum svæðum. Skrifstofa umhverfisgæða vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi einstök svæði sem fjallað er um í breytingartillögunni:



- Á svæði sem myndast þegar Miklabraut og Sæbraut fara í stökk eru mikil tækifæri fyrir ný græn svæði ekki síður en byggingar. Huga þarf að því sem alvöru valkosti til viðbótar við möguleg uppbyggingartækifæri
- Þéttingarreitur 36, Hátún, er frekar gróðursæll í dag og mikilvægt er við skipulag reitarins að tekið sé tillit til þessa gróðurs og verðmæti hans, ekki síst því nálæg hverfi eru almennt lítt gróin.
- Nokkrir nýir reitir eru settir á lítt raskað og gróið land t.d. reitir 95-97 í norðaustanverðum Grafarvogi. Svæðin eru ekki metin með hátt verndargildi en eru nálægt útivistar- og verndarsvæðum (Úlfarsá) og huga þarf vel að skipulags- og hönnunarútfærslum.
- Sá nýi reitur sem sérstaklega þarf að vanda til verka við skipulag og hönnun er reitur 103 í Úlfarsárdal sem er í dag á skógræktarsvæði og liggur nálægt Úlfarsá þar sem eru mikilvæg búsvæði fugla, laxfiska og fleiri lífvera. Svæðið hefur í dag hátt útivistar- og vistfræðilegt gildi og mikilvægt er að ný byggð taki tillit til þess og sé útfærð þannig að hluti þess gildis fái áfram að standa og sé felld inn í byggðina.

Einnig er vert að benda á að nokkrir eldri uppbyggingarreitir á gildandi aðalskipulagi, sem enn er stefnt að því að nýta fyrir nýja byggð og þar sem eftir á að klára deiliskipulag, eru svæði þar sem finnst mikilvæg náttúra og/eða eru gróðursæl svæði. Huga þarf sérstaklega vandlega að skipulagi þessara svæða og leggja ætti áherslu á að reyna að viðhalda sem mestu af þessu náttúrufari/gróðri inni í nýrri byggð. Þetta eru t.d. reitir eins og Veðurstofuhæð, Borgarspítalareitur, reitir í Ártúnsholti, Brekknaás-Vindás, Arnarbakkki, Rangársel og Keldur.

Þá þarf að huga mjög vandlega að skipulagi og hönnun byggðar nálægt strand- og grunnsjávarsvæðum með hátt verndargildi t.d. í Skerjafirði og Elliðaárdal og velja útfærslur sem eru vænlegastar fyrir lífríki og fylgja vandlega fyrirmælum sem mat á umhverfisáhrifum landfyllinga og annarra framkvæmda hafa leitt til eða munu leiða til.

Breytingar þar sem felld eru út uppbyggingarsvæði í gildandi aðalskipulagi eru til umtalsverðra bóta, enda voru þær staðsettar í jaðri mikilvægra náttúru- og útivistarsvæða. Þetta eru t.d. svæði við Reynisvatn og í Elliðaárdal austan við Suðurfell/Möðrufell, þó reyndar er óvissa og ósamræmi í skjölum aðalskipulagsbreytingarinnar um þá síðari og er mikilvægt að það sé skýrt betur. Einnig mætti sýna betur á uppdráttum sem fylgja tillögunni að þessir reitir hafi verið felldir út en þeir eru enn víða sýnilegir.

f.h. skrifstofu umhverfisgæða,

Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri á deild náttúru og garða.